

Sparisjóður Mýrasýslu
Ársreikningur samstæðu
2007

Sparisjóður Mýrasýslu
Digranesgata 2
310 Borgarnes

Kt. 610269-5409

Efnisyfirlit

	bls.		bls.
		Skýringar:	
Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda á ársreikninginn ..	3	Almennar upplýsingar	9
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Áhættustýring	24
Rekstrarreikningur	5	Skýringar við rekstrarreikninginn	29
Efnahagsreikningur	6	Skýringar við efnahagsreikninginn	40
Eiginfjáryfirlit	7	Liðir utan efnahagsreiknings	50
Sjóðstreymisyfirlit	8		

Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningurinn er samstæðureikningur Sparisjóðs Mýrasýslu og dótturfélaga hans, saman vísað til sem Sparisjóður Mýrasýslu. Reikningurinn er í fyrsta sinn gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, en voru áður gerðir í samræmi við lög um ársreikninga.

Áhrif af innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla eru þau að eigið fé samstæðunnar eykst úr 3.544 millj. kr. frá 31. desember 2006 í 5.211 millj. kr. þann 1. janúar 2007, eða um 1.668 millj. kr. Áhrifin af innleiðingu IFRS á reikningsskil samstæðunnar eru útskýrð nánar í skýringum með samstæðuársreikningnum.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu 2007 að fjárhæð 635 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 6.338 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 11,6% hjá samstæðunni. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sparisjóðsins leggur til að greiddur verði 53,0% arður til stofnfjáreigenda á árinu 2008 vegna ársins 2007. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Í árslok var stofnfé sparisjóðsins 505 millj. kr. og var aukið um 500 millj. kr. á árinu. Stofnfé sparisjóðsins er allt í eigu Borgarbyggðar eins og í ársbyrjun.

Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2007, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007.

Jafnframt er það álit okkar samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og sparisjóðsstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu og sparisjóðsstjóri hafa í dag fjallað um samstæðuársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2007 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund sparisjóðsins að samþykkja ársreikninginn.

Borgarnes, 4. mars 2008

Stjórn

Sigurður Már Einarsson
Bjarni Helgason
Helga Halldórsdóttir
Kolfinna Jóhannesdóttir
Laufey Valsteinsdóttir

Sparisjóðsstjóri

Gísli Kjartansson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Mýrasýslu.

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Sparisjóðs Mýrasýslu og dótturfélaga ("samstæðan") fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sparisjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2007, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 4. mars 2008

KPMG hf.

Hlynur Sigurðsson

Rekstrarreikningur

ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Vaxtatekjur		4.258.108	3.178.997
Vaxtagjöld		(3.485.292)	(2.514.744)
Hreinar vaxtatekjur	5	772.816	664.253
Þjónustutekjur		340.844	337.503
Þjónustugjöld		(34.191)	(45.787)
Hreinar þjónustutekjur	6	306.653	291.716
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	7-9	1.303.069	2.423.713
Gengismunur		(46.450)	(9.969)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага		18.506	513.094
Aðrar rekstrartekjur	10	317.881	68.787
Aðrar rekstrartekjur samtals		1.593.006	2.995.625
Hreinar rekstrartekjur		2.672.475	3.951.594
Laun og launatengd gjöld	12	(673.641)	(519.292)
Afskriftir rekstrarfjármuna	32	(24.290)	(22.460)
Annar rekstrarkostnaður		(638.751)	(461.279)
Virðisrýmun útlána		(578.984)	(215.410)
Virðisrýmun óefnislegra eigna	31	(23.100)	0
Hagnaður fyrir tekjuskatt		733.709	2.733.153
Tekjuskattur	15	(98.463)	(454.573)
Hagnaður ársins		635.246	2.278.580
Skipting hagnaðar:			
Stofnfjáreigendur og varasjóður		637.395	2.278.580
Minnihluti		(2.149)	0
Hagnaður ársins		635.246	2.278.580

Skýringar á bls. 9-47 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Efnahagsreikningur

31. desember 2007

Eignir	Skýr.	2007	2006
Handbært fé	17	1.143.568	574.477
Veltufjáreignir	25	143.253	7.664
Afleiður gerðar í áhættuvarnarskyni	27	582.793	349.058
Kröfur á lánastofnanir	18-19	247.388	217.837
Útlán til viðskiptamanna	20-24	34.766.680	26.739.031
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	28	8.652.905	6.519.174
Hlutdeildarfélag	30	400.204	236.298
Rekstrarfjármunir	32	306.438	266.152
Óefnislegar eignir	31	370.001	368.592
Fjárfestingareignir		603.657	448.156
Fullnustueignir		202.669	205.057
Aðrar eignir	33	278.877	246.921
Eignir samtals		47.698.433	36.178.417
Skuldir			
Veltufjárskuldir	36	6.837	8.677
Afleiður gerðar í áhættuvarnarskyni		553.974	292.155
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	34	4.333.693	2.863.213
Almenn innlán	35	17.336.734	14.442.926
Lántökur	37-38	14.969.378	10.417.425
Víkjandi lán	39	2.107.511	1.225.501
Lífeyrisskuldbinding	40	677.272	517.666
Skattskuld	41-43	931.220	830.198
Aðrar skuldir	44	443.742	368.735
Skuldir samtals		41.360.361	30.966.496
Eigið fé			
Stofnfé		505.021	4.471
Varasjóður		5.794.398	5.160.653
Stofnfé og varasjóður samtals		6.299.419	5.165.124
Hlutdeild minnihluta		38.653	46.797
Eigið fé samtals		6.338.072	5.211.921
Skuldir og eigið fé samtals		47.698.433	36.178.417

Skýringar á bls. 9-47 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit

fyrir árið 2007

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
2006					
Eigið fé 31. desember 2005	3.755	2.090.943	2.094.698	0	2.094.698
Breytingar vegna IFRS		814.953	814.953		814.953
Eigið fé 1. janúar 2006 (IFRS)	3.755	2.905.896	2.909.651	0	2.909.651
Hagnaður ársins		2.278.580	2.278.580		2.278.580
Arðgreiðslur		(1.284)	(1.284)		(1.284)
Endurmat á stofnfé	716	(716)	0		0
Aðrar breyting á eigin fé		(21.823)	(21.823)	46.797	24.974
Eigið fé 31. desember 2006	4.471	5.160.653	5.165.124	46.797	5.211.921
2007					
Eigið fé 31. desember 2006	4.471	3.539.279	3.543.750	0	3.543.750
Breytingar vegna IFRS		1.621.374	1.621.374	46.797	1.668.171
Eigið fé 1. janúar 2007 (IFRS)	4.471	5.160.653	5.165.124	46.797	5.211.921
Hagnaður ársins		637.395	637.395	(2.149)	635.246
Arðgreiðslur		(3.100)	(3.100)		(3.100)
Útgefið nýtt stofnfé	500.000		500.000		500.000
Endurmat á stofnfé	550	(550)	0		0
Aðrar breyting á eigin fé			0	(5.995)	(5.995)
Eigið fé 31. desember 2007	505.021	5.794.398	6.299.419	38.653	6.338.072

Skýringar á bls. 9-47 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit

fyrir árið 2007

Rekstrarhreyfingar:	2007	2006
Hagnaður fyrir skatta	733.708	2.733.153
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur og gengismunur	28.149	(156.348)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagum	(18.506)	(22.406)
Afskriftir rekstrarfjármuna	24.290	33.293
Afskriftir óefnislegra eigna	23.100	0
Virðisrýrnun útlána	578.983	215.410
	1.369.724	2.803.102
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Veltufjáreignir, breyting	(135.589)	2.053
Afleiður gerðar í áhættuvarnarskyni, breyting	22.157	(58.108)
Útlán og kröfur, breyting	(9.588.143)	(6.392.127)
Fjáreignir á gangvirði, breyting	(2.140.644)	(2.568.504)
Aðrar eignir, breyting	(389.515)	(94.965)
Veltufjárskuldir, breyting	(1.740)	7.363
Innlán, breyting	2.674.658	2.733.721
Lántaka, breyting	7.049.941	2.815.507
Lífeyrisskuldbinding, breyting	159.605	162.062
Skattskuld, breyting	23.667	(12.872)
Aðrar skuldir, breyting	408.046	272.470
Greiddur tekjuskattur	(838)	(10.167)
Handbært fé til rekstrar	(548.671)	(340.465)
Fjárfestingarhreyfingar:		
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum	(194.311)	(53.242)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	0	(90.771)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(74.440)	0
Arðgreiðslur frá hlutdeildarfélagum	7.603	6.563
Fjárfestingarhreyfingar	(261.148)	(137.450)
Fjármögnunarhreyfingar:		
Tekin víkjandi lán	882.010	299.284
Útgefi stofnfjárbréf	500.000	0
Arðgreiðslur	(3.100)	(1.284)
Fjármögnunarhreyfingar	1.378.910	298.000
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	569.091	(179.915)
Handbært fé í ársbyrjun	574.477	754.392
Handbært fé í árslok	1.143.568	574.477

Skýringar á bls. 9-47 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Skýringar við ársreikninginn

Almennar upplýsingar

1. Upplýsingar um Sparisjóð Mýrasýslu

Sparisjóður Mýrasýslu er með höfuðstöðvar að Digranesgötu 2, Borgarnesi. Samstæðureikningur ársins 2007 samanstendur af sparisjóðnum og dótturfélögum hans sem vísað er til í heild sinni sem sparisjóðsins.

Hlutverk Sparisjóðs Mýrasýslu er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Þjónusta sparisjóðsins felur í sér almenna bankaþjónustu, verðbréfaþjónustu og eignastýringu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

(a) Yfirlýsing um að reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Þetta er fyrsti ársreikningur samstæðunnar sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu heimilaði birtingu ársreiknings samstæðunnar 4. mars 2008.

(b) Matsaðferðir

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að:

- afleiðusamningar eru færðir á gangvirði,
- fjármálagerningar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði,
- fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði,
- fjárfestingafasteignir eru færðar á gangvirði,
- fullnustueignir eru færðar á bókfærðu verði eða gangvirði, hvort sem lægra reynist,
- skuldir vegna hlutabréfatengdra greiðslna sem gerðar eru upp með handbæru fé eru metnar á gangvirði.

Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 3. (j).

(c) Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

(d) Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Skýringar við ársreikninginn

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og á öllum félögum innan samstæðunnar.

(a) Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Yfirráð eiga sér alla jafna stað þegar samstæðan ræður yfir meira en helmingi atkvæðaréttar dótturfélagsins. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Kaupaðferð er beitt við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð dótturfélags er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, skulda sem stofnað er til eða yfirteknar eru og útgefina eiginfjárgerninga á viðskiptadegi, auk þess kostnaðar sem rekja má beint til kaupanna. Eignir, skuldir og skuldbindingar sem teknar eru yfir við sameiningu fyrirtækja og hægt er að aðgreina eru í upphafi metnar á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hlutdeildar minnihluta. Sú fjárhæð sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna hins yfirtekna dótturfélags er mismunurinn færður til tekna í rekstrarreikningi.

(iii) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Staða milli samstæðufélaga, óinnleystar tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst töp eru felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

(b) Erlendir gjaldmiðlar

(i) Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Aðrar eignir og skuldir sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

Gengismunur sem myndast við færslu í starfrækslugjaldmiðli samstæðufélaga er færður í rekstrarreikning.

(c) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna þegar samstæðan ræður yfir 20% til 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum atkvæðarétti ef einhver er. Fjárfesting í hlutdeildarfélögum er upphaflega færð á kostnaðarverði. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar á grundvelli hlutdeildaraðferðarinnar.

Skýringar við ársreikninginn

(c) Frh.:

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðu í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

Þegar fjárfesting í hlutdeildarfélögum er skráð sem eign til sölu er hlutdeildaraðferð ekki lengur beitt og eignin er færð eftir *IFRS 5 Fastaffjármunir til sölu og aflögð starfsemi*.

(d) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda eru afföll, yfirverð og annar mismunur sem er á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætla samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

Ef fjáreign eða safn sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var við útreikning á virðisrýrnuninni. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búið er að taka tillit til virðisrýrnunar.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi innihalda:

- vexti sem reiknast á fjáreignir og skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti
- vexti sem reiknast á fjárfestingar til sölu miðað við virka vexti
- vexti sem reiknast á veltufjáreignir og skuldir og á fjáreignir sem metnar eru á gangvirði á rekstrargrunni

Gangvirðisbreytingar annarra afleiða í áhættustjórnun og annarra fjáreigna og skulda á gangvirði í rekstrarreikningi eru birtar í hreinum tekjum af öðrum fjármálagerningum á gangvirði í rekstrarreikningi.

(e) Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Samstæðan veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem þeir greiða fyrir. Meðal þessara tekna eru tekjur vegna samninga um viðskipti fyrir þriðja aðila, þjónustutekjur vegna hlutabréfa- og skuldabréfaviðskipta, auk annarra tekna. Þjónustutekjurnar eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt. Þóknarir vegna árangurstengdrar þjónustu eru færðar þegar forsendur fyrir árangurstengingunni eru uppfylltar.

Skýringar við ársreikninginn

(e) Frh.:

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem samstæðan kaupir. Þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

(f) Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum fela í sér hagnað og tap og allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar, arð og breytingar á gjaldeyrismun. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar arðsúthlutun er samþykkt.

(g) Hreinar tekjur af öðrum fjármálagerningum á gangvirði

Hreinar tekjur af öðrum fjármálagerningum á gangvirði lúta að óviðurkenndum afleiðusamningum í áhættustjórnun og fjáreignum og skuldum á gangvirði í rekstrarreikningi, og taka til allra innleystra og óinnleystra gangvirðisbreytinga, vaxta, afleiða og gengisbreytinga.

(h) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttindin til móttöku þeirra skapast.

(i) Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar, að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem ekki er talið að hún nýtist.

(j) Fjáreignir og skuldir

(i) Skráning

Samstæðan færir upphaflega lán og fyrirframgreiðslur, geymslufé, útgefin verðbréf og víkjandi skuldbindingar á þeirri dagsetningu sem þau eru upprunnin. Allar aðrar fjáreignir og skuldir (þ.m.t. eignir og skuldir á gangvirði í rekstrarreikningi) eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi sem samstæðan gerist aðili að sanningsákvæðum fjármálaskjalsins.

Skýringar við ársreikninginn

(j) Frh.:

(ii) *Afskráning*

Samstæðan hættir færslu fjáreignar þegar samningsbundin réttindi til fjárstreymis eignarinnar falla úr gildi, eða samningsbundin réttindi til að móttaka fjárstreymi af fjáreigninni í viðskiptum er yfirfærð þar sem í reynd öll áhætta og ávinningur af eignarhaldi fjáreignarinnar færast yfir á annan aðila. Allir hagsmunir sem til verða við yfirfærslu fjáreigna eða sem samstæðan heldur eftir eru færðir sem aðskildar eignir og skuldir.

Samstæðan hættir færslu fjárskulda þegar samningsbundnar skyldur falla niður.

Samstæðan gerir viðskipti þar sem bókfærðar eignir í efnahagsreikningi eru yfirfærðar en haldið er eftir annaðhvort að hluta eða að öllu leyti áhættu og ávinningi af þeim. Ef allri eða nær allri áhættu og ávinningi er haldið eftir þá er færslu yfirfærðrar eignar í efnahagsreikningi ekki hætt. Yfirfærsla eigna þar sem haldið er eftir allri eða næstum allri áhættu og ávinningi samanstandur til dæmis af verðbréfalánveitingum og endurkaupum.

Þau réttindi og skyldur sem haldið er eftir við yfirfærslu eru færð hver fyrir sig sem eignir og skuldir eftir því sem við á. Við yfirfærslu þar sem yfirráðum yfir eigninni er haldið eftir heldur samstæðan áfram að færa eignina að því leyti sem aðildin nær áfram til og á grundvelli umfangs áhrifa vegna virðisbreytingar yfirfærðrar eignar.

(iii) *Jöfnun*

Fjáreignir og fjárskuldir eru jafnaðar og heildarfjárhæð færð í efnahagsreikning ef fyrir hendi er lagalegur réttur til að jafna færðar fjárhæðir og ef áætlað er að gera upp á hreinum grunni.

Tekjur og gjöld eru eingöngu færð á hreinum grunni ef heimilað í reikningsskilastöðlum eða fyrir hagnað og tap af flokki svipaðra viðskipta.

(iv) *Mæling afskrifaðs kostnaðarverðs*

Afskrifað kostnaðarverð fjáreigna og fjárskulda er sú fjárhæð sem fjáreignin eða fjárskuldin er metin á við upphafs færslu að teknu tilliti til niðurgreiðslna höfuðstóls og uppsafnaðra afskrifa á grundvelli virkra vaxta af mismuni milli upphaflegrar færslu og innlausnarvirðis, að teknu tilliti til virðisrýrnunar.

(v) *Mat gangvirðis*

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst er við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Samstæðan sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.

Skýringar við ársreikninginn

(k) Virðisrýrnun fjáreigna

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en veltufjáreigna og fjáreigna tilgreindra á gangvirði, er yfirfarið á hverjum reikningsskiladegi til að ákvarða hvort hlutlægar vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef hlutlægar vísbendingar eru um slíkt er endurheimtanlegt verðmæti eignarinnar áætlað. Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar hennar verður hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

Samstæðan tekur til skoðunar merki um virðisrýrnun að því er varðar bæði einstakar eignir eða eignasöfn. Allar verulegar fjáreignir eru hver um sig metnar með tilliti til sérstakrar virðisrýrnunar. Allar verulegar eignir sem í ljós hefur komið að hafa ekki orðið fyrir sértakri virðisrýrnun eru síðan metnar í heild sinni með tilliti til hvort einhver virðisrýrnun hefur orðið sem ekki áður hefur verið greind. Óverulegar eignir eru síðan metnar í heild sinni með tilliti til virðisrýrnunar með því að flokka saman fjáreignir (á bókfærðu kostnaðarverði) sem bera með sér svipaða áhættuþætti.

Hlutlæg merki um virðisrýrnun fjáreigna (þ.m.t. hlutabréf) geta verið vanskil eða vanræksla lántakanda, skuldbreyting láns á skilmálum sem samstæðan myndi að öðru leyti ekki taka til greina, merki um að lántakandi eða útgefandi stefni í gjaldþrot, hvarf virks markaðar fyrir hlutabréf eða aðrar sýnilegar upplýsingar í tengslum við flokk eigna, svo sem óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakanda eða útgefanda í viðkomandi flokki eða fjárhagslega aðstæður sem tengjast vanskilum í samstæðunni.

(i) Virðisrýrnun útlána

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun. Annars vegar á einstökum lánnum og hins vegar tap á tilteknum lánasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun felast í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:

- (i) umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda;
- (ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól;
- (iii) samstæðan veitir lántakanda, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
- (iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir fjárhagslega eign vegna fjárhagsvandræða; eða
- (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflokki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt lækkun verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum, þar á meðal:
 - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í flokknum; eða
 - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í flokknum.

(ii) Mat einstakra útlána

Virðisrýrnun á einstökum lánnum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Samstæðan metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggja hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við matið er tekið tillit til:

- heildaráhættu samstæðunnar gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæða og tímasetningu væntanlegra inngreiðslna og endurheimta;
- líklegum greiðslum til samstæðunnar við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurgreiðslu; og
- líklegum frádrætti kostnaðar við innheimtu útistandandi fjárhæða.

Skýringar við ársreikninginn

(k) Frh.:

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfærð verð útlána og krafna við núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti. Þegar lán er með breytilegum vöxtum er ávöxtunarkrafan sú sama og gildandi virkir vextir lánsins. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í afskriftareikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

(iii) *Mat á söfnum útlána*

Þar sem lán hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra áhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun þeirra. Þetta tap nær til lána sem hafa rýrnað að virði á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er metin með tilliti til:

- framtíðarsjóðstreymis lánasafns sem er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna;
- sögulegrar tapreynslu í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, láns hæfismati eða tegund láns);
- áætlaðs tíma frá því virðisrýrnun varð þar til hún er greind og færð með sérstöku framlagi í afskriftareikning;
- mats stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignasöfnum eru í samræmi við breytingar á undirliggjandi gögnum á hverjum tíma, til dæmis breytingar á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á söfnum og fjárhæð taps. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að lágmarka mun milli áætlaðs og raunverulegs taps.

(iv) *Endanlegar afskriftir*

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra.

(v) *Bakfærsla virðisrýrnunar*

Ef virðisrýrnun minnkar og hægt er að rekja það til atvika sem urðu eftir að virðisrýrnunin var færð í rekstrarreikning, þá er áður færð virðisrýrnun bakfærð í rekstrarreikningi.

(vi) *Fullnustueignir*

Fastafjármunir sem fengnir eru vegna fullnustu krafna eru skráðir sem fastafjármunir til sölu og færðar í efnahagsreikning. Fengin eign er færð á gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að frádreginni virðisrýrnun, hvoru sem lægra reynist. Ekki eru reiknaðar afskriftir af fastafjármunum til sölu. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru færðar sem virðisrýrnun í rekstrarreikningi. Allar síðari hækkanir á gangvirði að frádregnum sölukostnaði, eru færðar á rekstrarreikning, að því marki sem þær eru ekki umfram heildarvirðisrýrnun.

(vii) *Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð af fjárfestingum samstæðunnar í fjáreignum sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru reiknaðar sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er hreint gangvirði eða notkunarvirði þeirra, hvort sem hærra er. Þegar notkunarvirði er metið, er framtíðarsjóðstreymi núvirt með ávöxtunarkröfu fyrir skatt, sem endurspeglar núverandi markaðsaðstæður og þá áhættu sem fylgir eigninni. Þegar um er að ræða eign sem skapar ekki mikið sjálfstætt sjóðstreymi er endurheimtanleg fjárhæð ákvörðuð fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

Skýringar við ársreikninginn

Skýringar frh.:

(l) Virðisrýrnun viðskiptavildar

Bókfært verð viðskiptavildar er metið á hverjum reikningsskiladegi til að kanna hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef slík vísbending er til staðar er endurheimtanleg fjárhæð viðskiptavildarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar er framkvæmt árlega.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært verð fjárskapandi eininga er umfram endurheimtanlega fjárhæð. Fjárskapandi eining er minnsti skilgreinanlegi hópur eigna sem skapar handbært fé og er sjálfstæður frá öðrum eignum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun er fyrst færð til lækkunar á viðskiptavild sem tengist fjárskapandi einingu og síðan hlutfallslega til lækkunar á öðrum eignum hennar.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi einingar er nýtingarvirði hennar eða hreint söluverð hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er núvirt framtíðarsjóðstreymi miðað við áframhaldandi notkun og hrakvirði eignar eða fjárskapandi einingar.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

(m) Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Handbært fé í efnahagsreikningi er fært með áföllnum vöxtum.

(n) Veltufjáreignir og veltufjárskuldir

Veltufjáreignir eru aðallega keyptar til að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða á miðlaraþóknunum. Veltufjáreignir samanstanda af skuldabréfum, hlutabréfum og afleiðusamningum með jákvætt gangvirði. Veltufjárskuldir samanstanda af afleiðusamningum með neikvætt gangvirði.

Veltufjáreignir og veltufjárskuldir eru upphaflega færðar og síðar metnar á gangvirði í efnahagsreikningi ásamt viðskiptakostnaði beint í rekstrarreikning. Allar gangvirðisbreytingar eru færðar sem hluti af hreinum tekjum af veltufjáreignum og veltufjárskuldum í rekstrarreikning.

(o) Afleiður

Afleiðusamningar eru fjármálagerningar eða aðrir samningar, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á undirliggjandi þætti (eins og verði á hlutabréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum, gjaldmiðlum eða vaxtastigi), og krefjast engrar eða óverulegrar upphaflegrar fjárfestingar miðað við gerð annarra sambærilegra samninga sem hafa svipaða tengingu við breytingar á markaðspáttum og gerðir eru upp á ákveðnum tíma í framtíðinni.

Samstæðan notar afleiðusamninga til að hagnast á skammtímaverðbreytingum og til að verjast fjárhagslegri áhættu.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning sem vextir og annar gengismunur. Vextir eru færðir á rekstrargrunni. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal veltufjáreigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal veltufjárskulda.

Skýringar við ársreikninginn

(o) Frh.:

Innbyggðar afleiður sem eru hluti af öðrum samningum eru meðhöndlaðar sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta er ekki nátengd upprunalega samningnum sem þeir eru hluti af og samningarnir eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Gangvirði afleiðusamninga er ákvarðað í samræmi við reikningsskilaaðferð sem er útskýrð í skýringu (j).

(p) Útlán og kröfur á lánastofnanir

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar eða útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá gerninga sem samstæðan tilgreinir og færir á gangvirði. Útlán og kröfur fela í sér útlán sem samstæðan veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem samstæðan tekur þátt í að veita ásamt öðrum lánastofnunum og keypt útlán sem eru óskráð og samstæðan hefur ekki í hyggju að selja í náninni framtíð.

Útlán og kröfur eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

(q) Fjárfestingarverðbréf

(i) Fjárfestingar til sölu

Fjárfestingar til sölu eru fjárfestingar sem ekki fela í sér afleiðusamninga og eru ekki færðar sem aðskildur flokkur fjáreigna. Óskráð verðbréf sem ekki er hægt að meta á gangvirði á áreiðanlegan hátt eru metin á bókfærðu kostnaðarverði. Allar aðrar fjárfestingar til sölu eru metnar á gangvirði.

Vaxtatekjur er færðar í rekstrarreikning á grundvelli virkra vaxta. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar samstæðan öðlast réttindi til móttöku arðs. Gengishagnaður eða tap af verðbréfum flokkuð til sölu eru færð í rekstrarreikning.

Aðrar gangvirðisbreytingar eru færðar beint á eigið fé þar til fjárfestingin er seld eða virðisrýrð en þá er gangvirðisbreyting sem færð hefur verið meðal eigin fjár innleyst í rekstrarreikning.

(r) Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunur, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Byggingar	20-50 ár
Innréttingar	5 ár
Áhöld og tæki	3-5 ár
Bifreiðar	6 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega.

Skýringar við ársreikninginn

(s) Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Sameiningar fyrirtækja sem áttu sér stað eftir 1. janúar 2004 eru færðar samkvæmt kaupaðferðinni. Viðskiptavild er færð við kaup á dótturfélögum og hlutdeildarfélögum. Í sameiningum sem hafa átt sér stað eftir 1. janúar 2004 er viðskiptavild mismunurinn á kostnaði við sameiningarnar og gangvirði hreinna aðgreinanlegra eigna sem keyptar eru.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Viðskiptavild er tengd fjárskapandi einingum og er ekki lengur afskrifuð, en árlega er gert virðisrýrnunarpróf vegna hennar. Í hlutdeildarfélögum er bókfært verð viðskiptavildar innifalið í bókfærðu verði fjárfestinga í hlutdeildarfélögum.

(ii) Aðrar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir, aðrar en viðskiptavild, eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og afskriftum.

(iii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar vegna óefnislegra eigna er eignfærður ef hann eykur virði eignarinnar. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iv) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Viðskiptavild með óskilgreindan líftíma er metin á kerfisbundin hátt á reikningsskiladegi. Aðrar óefnislegar eignir eru afskrifaðar frá þeim tíma sem þær eru notkunarhæfar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	3 ár
Samkeppnishamlandi ákvæði	5 ár
Viðskiptasambönd	10 ár

(t) Fjárfestingafasteignir

Fjárfestingafasteignir eru fasteignir sem ýmist eru nýttar til öflunar leigutekna eða til verðmætaaukningar eða hvors tveggja. Fjárfestingafasteignir eru færðar á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

Þegar nýting eignar breytist þannig að fjárfestingafasteign er endurflokkuð sem rekstrarfjármunur, er gangvirði hennar talið kostnaðarverð í reikningsskilum þaðan í frá.

(u) Fastafjármunir til sölu - fullnustueignir

Eignir og skuldir í eignasamstæðum til sölu eru færðar í samræmi við mats- og skráningarreglur viðeigandi reikningsskilastaðals. Við upphaflega flokkun sem eign til sölu, eru fastafjármunir og eignasamstæður til sölu færð á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvoru sem lægra reynist. Virðisrýrnun sem myndast við upphaflega flokkun sem fastafjármunur eða eignasamstæða til sölu er færð í rekstrarreikning. Hækkun gangvirðis að frádregnum sölukostnaði á síðari uppgjörsdögum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á verði eigna eða eignasamstæðu að svo miklu leyti sem hækkunin fer ekki umfram þá virðisrýrnun sem áður var gjaldfærð vegna viðkomandi eigna eða eignasamstæða.

Skýringar við ársreikninginn

(v) Virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna

Bókfært verð ófjárhagslegra eigna samstæðunnar, aðrar en fjárfestingaeignir og frestaðar skatteignir, eru endurskoðaðar á hverjum reikningsskiladegi til að meta hvort um virðisrýrnun sé að ræða. Ef um virðisrýrnun er að ræða er endurheimtanlegt verðmæti eignarinnar áætlað. Endurheimtanlegt vermæti viðskiptavildar er metin á hverjum reikningsskiladegi.

Virðisrýrnun er færð ef gangvirði eignar eða fjárskapandi einingar hennar fer umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er sá minnsti aðgreinanlegi eignaflokkurinn sem skapar fjárstreymi sem að mestu leyti er óháð öðrum eignum og flokkum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Færð virðisrýrnun í tengslum við fjárskapandi einingar er fyrst færð til lækkunar á bókfærðu verði þeirrar viðskiptavildar sem reiknuð er innan einingarinnar og síðan til lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna innan einingarinnar (hóp eininga) í réttu hlutfalli.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er annaðhvort notkunarvirði hennar eða gangvirði að teknu tilliti til sölukostnaðar, hvort sem reynist hærra. Við mat notkunarvirðis er áætlað fjárstreymi afvaxtað þar til núvirði er náð á grundvelli afvöxtunarhlutfalls fyrir skatta sem endurspeglar markaðsmat tímavirðis peninga og þeirra áhættuþátta sem felast í eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki færð til baka. Að því er varðar aðrar eignir er virðisrýrnun sem færð er á fyrri tímabilum metin á hverjum reikningsskiladegi til þess að meta hvort rýrnun hefur aukist eða hvort hún sé ekki lengur fyrir hendi. Virðisrýrnun er færð til baka ef breytingar hafa orðið á áætlunum sem notaðar eru til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð. Virðisrýrnun er aðeins færð til baka að því leyti sem bókfært virði eignarinnar sé ekki umfram bókfært verð, að teknu tilliti til afskrifta, ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

(w) Innlán, lántökur og víkjandi lán

Þegar samstæðan selur fjármuni og gerir á sama tíma samning um verðbréfalán til endurkaupa á eigninni (eða svipaðri eign) á föstu verði á vissri dagsetningu er framkvæmdin færð sem innlán og eru undirliggjandi eignir áfram færðar í ársreikning samstæðunnar.

Samstæðan flokkar eiginfjárgerninga sem fjárskuldir eða eiginfjárgerninga í samræmi við samningsskilmála gerningsins.

Innlán, lántökur og víkjandi lán eru upphaflega metin á gangvirði að meðtöldum viðskiptakostnaði og síðar metin á afskrifuðu kostnaðarverði á grundvelli virkra vaxta, nema í þeim tilfellum þar sem samstæðan velur að færa skuldir á gangvirði í rekstrarreikningi.

Samstæðan hefur gefið út skuldabréf með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárhlutfalli. Um er að ræða skuldabréf sem endurgreiðast á næstu 10 árum. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

Víkjandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádragnum viðskiptakostnaði. Víkjandi lán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði víkjandi lána.

Skýringar við ársreikninginn

(x) *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

Framlag í sjóð fyrir íþyngjandi samninga er fært þegar áætlaður ágóði samstæðunnar af samningnum er lægri en óhjákvæmilegur kostnaður af því að uppfylla skuldbindinguna samkvæmt skilmálum samningsins. Framlagið er metið á núvirði áætlaðs kostnaðar við að ljúka samningnum eða áætlaðs kostnaðar við að viðhalda samningnum, hvort sem reynist lægra. Áður en framlag er ákvarðað færir samstæðan virðisrýrnun af þeirri eign sem tengist samningnum.

(y) *Fjárhagslegar ábyrgðir*

Fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda samstæðuna til að endurgreiða tiltekna fjárhæð til handhafa ábyrgðar vegna taps sem hann verður fyrir þegar skuldari getur ekki staðið í skilum á gjalddaga í samræmi við skilmála skuldagerðings.

Skuldir vegna fjárhagslegra ábyrgða eru upphaflega færðar á gangvirði og er gangvirði fært í rekstrarreikning á áætluðum líftíma samningsins. Samningurinn er síðan bókfærður hvoru sem hærra reynist, upphaflegt gangvirði, að teknu tilliti til tekjufærðra þóknana, eða núvirði væntra greiðslna, þegar greiðsla vegna ábyrgðar er líkleg. Fjárhagslegar ábyrgðir eru færðar í efnahagsreikning meðal annarra skulda.

(z) *Starfsmannatengdar greiðslur*

(i) *Greiðslur í lífeyrissjóð*

Samstæðan greiðir mótframlög í lífeyrissjóði vegna starfsmanna samstæðunnar og eru þau færð í rekstrarreikning sem laun og launatengd gjöld þegar þau falla til.

(ii) *Lífeyrisskuldbinding*

Skuldbinding sem færð er í efnahagsreikning vegna eftirlauna er núvirði skuldbindingarinnar á uppgjörstegi. Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð af tryggingastærðfræðingi árlega. Núvirði lífeyrisskuldbindingarinnar er ákvarðað með því að núvirða áætlað framtíðar sjóðstreymi miðað við 2,0% verðtryggða ávöxtunarkröfu.

(þ) *Eigið fé*

(i) *Stofnfé*

Stofnfé sem keypt er af stofnfjáraðila, að meðtöldum viðskiptakostnaði, er fært til lækkunar á eigin fé. Endurmatsbreytingar á stofnfé eru færðar til hækkunar á stofnfé.

(ii) *Varasjóður*

Í varasjóð er færður hagnaður ársins, en arðgreiðslur ársins ásamt endurmati eru færðar úr varasjóði.

Skýringar við ársreikninginn

(æ) *Reikningsskilastaðlar sem ekki hafa verið innleiddir*

Eftirfarandi eru nýir staðlar, breytingar á stöðlunum og túlkanir á þeim sem hafa ekki enn tekið gildi og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á gerð þessa samstæðureiknings.

IAS 1 Framsetning reikningsskila (endurbætt 2007) kemur í stað IAS 1 Framsetning reikningsskila (endurbætt 2003) með breytingum frá 2005. IAS 1 (endurbætt 2007) setur fram almennar kröfur og leiðbeiningar um framsetningu og uppbyggingu reikningsskila og lágmarkskröfur um innihald þeirra. Megin breyting endurbættis IAS 1 er krafan um að veita upplýsingar um allar breytingar á eigið fé sem ekki tengjast hluthöfum (breytingar á eigið fé sem stafa ekki af viðskiptum við hluthafa í stöðu þeirra sem hluthafar) í einu eða tveimur yfirlitum hvort sem er í einu yfirliti yfir heildarafkomu eða í rekstrarreikningi sem og yfirliti yfir heildarafkomu. Ólíkt núgildandi IAS 1 verður óheimilt að birta eingöngu hluta heildarafkomu í eiginfjáryfirliti. Verði endurbættur IAS 1 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og mun væntanlega hafa áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar og eiginfjáryfirlit.

Í endurbættum IAS 23 Lántökukostnaður er felld niður heimild til að gjaldfæra lántökukostnað og þess krafist að félög eignfæri lántökukostnað sem tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar sem hluta af kostnaðarverði eignarinnar. Verði endurbættur IAS 23 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og fela í sér breytingar á reikningsskilaaðferðum hennar. Verður staðlinum beitt við eignfærslu lántökukostnaðar sem stofnað er til eftir gildistöku breytingarinnar.

Í endurbættum IFRS 2 Eignarhlutatengd greiðsla – ávinnslutími og ógilding (janúar 2008) er skilgreind hugtökin ávinnslutími og reikningshaldsleg meðferð þess þegar samningar um eignahlutatengdar greiðslur eru ógiltir. Verði endurbættur IFRS 2 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar 2009, með afturvirkri beitingu. Ekki er gert ráð fyrir að endurbættur IFRS 2 muni hafa áhrif á samstæðureikninginn

IFRS 3 Sameiningar fyrirtækja (endurbætt 2008) og tilheyrandi breytingar í IAS 27 Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil felur í sér breytingar á reikningsskilum við sameiningu fyrirtækja og fyrir hluthafa sem fara ekki með yferráð eða eru minnihlutaeigendur.

Helstu breytingar frá IFRS 3 (2004) og IAS 27 (2003) eru eftirfarandi:

- IFRS 3 (2008) gildir einnig um sameiningar fyrirtækja þar sem hlut eiga að máli einungis gagnkvæmar einingar og þar sameiningu fyrirtækja er náð fram með samkomulagi þar um;
- Skilgreiningin á sameiningum fyrirtækja hefur verið breytt þannig að aukin áhersla er á að yferráð séu til staðar;
- Skilgreiningin á rekstri hefur verið breytt;
- Kostnaður sem fellur til hjá yfirtökufélagi við sameiningu telst ekki vera hluti af kostnaði við kaupin;
- Kaup á viðbótarhlut eftir að sameining hefur átt sér stað er fært sem eiginfjárviðskipti;
- Sala á hlut þegar yferráð eru ennþá fyrir hendi er fært sem eiginfjárviðskipti.

Ef IFRS 3 (endurbætt 2008) og tilheyrandi breytingar á IAS 27 verða staðfestar af Evrópusambandinu munu þær gilda um ársreikning samstæðunnar 2010. Bókfært verð eigna og skulda sem urðu til við sameiningar fyrirtækja fyrir innleiðingu IFRS 3 (endurbætt 2008) verða ekki endurgerðar en breytingar á IAS 27 gilda flestar afturvirkar. Áhrif á ársreikning samstæðunnar hafa ekki verið metin.

Skýringar við ársreikninginn

(æ) Frh.:

IFRIC 11 IFRS 2 – Viðskipti með eigin hluti í samstæðu krefst þess að eignarhlutatengdar greiðslur þar sem félag fær vörur eða þjónustu sem greiðslu fyrir eigin eiginfjárgerninga skuli færa sem eignarhlutatengda greiðslu, sem gerð er upp með eigin hlutum, óháð því hvernig eiginfjárgerninganna er aflað. IFRIC 11 gildir fyrir ársreikning samstæðunnar 2008, og krefst afturvirkra leiðréttinga. Ekki er gert ráð fyrir að túlkunin muni hafa áhrif á samstæðureikninginn.

IFRIC 12 Samningar um þjónustuúvilnun birtir leiðbeiningar um færslu og mat tiltekinna atriða sem upp koma við færslu þjónustusamninga opinberra aðila við einkaaðila. Verði IFRIC 12 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar 2008 en möguleg áhrif hans á samstæðureikninginn hafa ekki verið metin.

IFRIC 13 Tryggðarkerfi fjallar um reikningsskil félaga sem reka, eða taka með öðrum hætti þátt í, tryggðarkerfi fyrir viðskiptamenn sína. Það tengist tryggðarkerfum þar sem viðskiptamennirnir geta endurheimt inneign sína með afsláttum af vörum og þjónustu eða ókeypiss vörum og þjónustu. Verði IFRIC 13 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og mun væntanlega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

IFRIC 14 IAS 19 - Takmörkunin á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra skýrir hvenær endurgreiðslur eða lækkun framtíðariðgjalda í tengslum við réttindatengdar eignir skuli telja mögulegar og leiðbeinir um áhrif ákvæða um lágmarks fjármögnun slíkra eigna. Túlkunin fjallar einnig um það þegar ákvæði um lágmarks fjármögnun geta leitt til skuldar. Staðalinn mun væntanlega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

Skýringar við ársreikninginn

4. Áhættustýring

Í daglegri starfsemi sinni sem fjármálafyrirtæki stendur sparisjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórnendur hans verja umtalsverðum tíma í að stjórna þessari áhættu. Eitt það mikilvægasta í skilvirkri áhættustjórnun er greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit með henni. Fjallað er um helstu áhættuþætti hér fyrir neðan. Helstu áhættuþættir eru útlánaáhætta, lausafjáraáhætta og markaðsáhætta. Í markaðsáhættu felst gjaldeyrisgengisáhætta, vaxtaáhætta og verðáhætta.

a) Áhættustefna

Áhættumat, einkum ákvörðun raungildis þess, ásamt aðgerðum sem beinast að því að takmarka áhættuna með skynsamlegri dreifingu útlána og fjárfestingum í öðrum eignum, er eitt af helstu verkefnum sparisjóðsins. Margir áhættuþættir geta haft slæm áhrif á rekstur sparisjóðsins. Það er stefna sparisjóðsins að fylgst skuli sífellt með og reynt að stjórna helstu áhættuþáttum sem geta haft áhrif á afkomu og eigið fé sparisjóðsins og sinnir áhættustýring þessu hlutverki. Í þessum tilgangi er verið að byggja upp virka áhættustýring innan sparisjóðsins og að auki er það hlutverk innri endurskoðunar sparisjóðsins að fylgjast með starfseminni til að tryggja sem best að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnar sparisjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins setur reglur um áhættustýringu og ber ábyrgð á því gagnvart stofnfjáraðilum að þeim sé framfylgt. Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn sparisjóðsins. Forstöðumenn einstakra deilda eða framkvæmdastjórnar dótturfélaga bera hver um sig ábyrgð gagnvart sparisjóðsstjóra á stýringu á áhættuþáttum sem að þeim snúa. Í því felst að framfylgja áhættustýringarreglum sparisjóðsins og öðrum reglum og viðmiðum um áhættustýringu sem settar kunna að verða.

Áhættustýringarnefnd sparisjóðsins er skipuð sparisjóðsstjóra og forstöðumönnum. Nefndin fjallar almennt um áhættustýringu sparisjóðsins svo sem um reglur og viðmið á því sviði, virkni áhættustýringar og stöðu gagnvart áhættuviðmiðum. Þá fjallar nefndin um fjármögnun sparisjóðsins og fjárstýringu. Jafnframt fjallar nefndin almennt um rekstraráhættu í sparisjóðnum svo sem öryggi tölvukerfa, öryggi húsnæðis, verðmætaflutninga, verkferla og verklag, þjálfun starfsfólks, viðlagaáætlun og tryggingamál. Nefndin er ráðgefandi en hefur ekki ákvörðunarvald. Sparisjóðsstjóri er formaður nefndarinnar.

Markmið áhættustýringar er að finna ásættanlegt jafnvegi milli annars vegar þeirrar áhættu sem óhjákvæmilega felst í starfsemi sparisjóðsins og getur leitt til tekjutaps og rýrnunar á verðmati eigna og hins vegar háþyrskunar á tekjum sparisjóðsins. Í þeim tilgangi er starfrækt áhættustýringardeild sem greinir helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi sparisjóðsins, innleiðir aðferðir til að fylgjast með þeim, metur þá reglulega, viðheldur eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs hefur annast framkvæmd áhættustýringar í umboði sparisjóðsstjóra. Í þeirri uppbyggingu áhættustýringardeildar sem staðið hefur yfir verður sjálfstæði hennar aukið. Áhættustýring veitir stjórn og áhættustýringarnefnd upplýsingar um stöðu helstu áhættuþátta, þar á meðal með tilliti til áhættuviðmiða, þannig að yfirstjórn sparisjóðsins sé hverju sinni meðvituð um helstu áhættur og geti brugðist við þeim, sé ástæða til.

(b) Ferli áhættustýringar og áhættueftirlits:

i) Samningar sem innihalda mótaðilaáhættu

Mótaðilaáhætta er sú áhætta að mótaðili standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart sparisjóðnum. Helsta mótaðilaáhætta sparisjóðsins verður til með veitingu útlána. Hámarksfjárhæð mótaðilaáhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Mótaðilaáhætta fyrir sparisjóðinn fylgir ýmsum öðrum fjáreignum, svo sem afleiðusamningum og markaðsskuldabréfum, núverandi mótaðilaáhætta endurspeglar í bókfærðu verði þessara eigna í efnahagsreikningi. Auk framangreindrar mótaðilaáhættu er sparisjóðurinn einnig opinn fyrir mótaðilaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýttar yfirdráttarheimilda, veittra ábyrgða og afleiða.

Skýringar við ársreikninginn

(b) Frh.:

Útlánasafn: Helstu eignir sparisjóðsins eru útlán hans. Til að viðhalda og bæta gæði útlánasafns sparisjóðsins er mikilvægt að fylgst sé stöðugt með núverandi lánasafni og að farið sé vel yfir allar lánsútsóknir þar sem þeim er hafnað strax sem ekki uppfylla skilyrði til lánveitinga. Hins vegar er það ekki stefna sparisjóðsins að veita aðeins lán sem fylgir lítil áhætta, heldur er mikilvægt að vextir veittra lána endurspegli bæði áhættu og kostnað sem þeim fylgir. Þetta táknar að ítarlegt mat á einstökum viðskiptavinum, fjárhagsstöðu þeirra og tryggingum er forsenda fyrir veitingu lána.

Skuldbindingar og ábyrgðir: Sparisjóðurinn hefur samþykkt skuldbindingar sem tryggja viðskiptavinum sparisjóðsins tiltekinn aðgang að fjármunum. Algengustu skuldbindingarnar eru í formi heimilda á tékkareikningum og greiðslukortum. Mesta mögulega tap vegna skuldbindinga jafngildir fjárhæð heimilda þótt þær séu aðeins notaðar að hluta til hverju sinni. Sparisjóðurinn getur afturkallað flestar þessara skuldbindinga ef viðskiptavinir uppfylla ekki lánakröfur og dregið þannig verulega úr mögulegri tapsáhættu. Ábyrgðum fylgir útlánaáhætta að fullri fjárhæð eins og í útlánum þar sem þær tákna óafturkræfar tryggingar um að sparisjóðurinn muni inna af hendi greiðslur ef viðskiptavinurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þriðja aðila.

Afleiðusamningar: Sparisjóðurinn gerir afleiðusamninga við viðskiptavinum sem ná til framvirkra samninga, skiptasamninga, vilnana og annarra svipaðra samninga, þar sem verðmæti er háð vöxtum, myntgengi, verðbréfaþingi eða verðvísitölum. Áhættustýring fylgist með stöðu afleiðusamninga og gætir þess að ávallt sé nægjanlegar tryggingar fyrir hendi á móti skuldbindingum viðskiptamanns. Tryggingar fara eftir viðskiptavinum og tegundum samninga. Almenn er krafist tryggingar til að mæta hugsanlegu tapi á samningi. Ásættanleg trygging fyrir afleiðusamninga eru eignir sem hægt er að innleysa með litlum fyrirvara, t.d. reiðufé eða markaðshlutabréf. Ef staða afleiðusamnings fer undir ákveðin mörk þá er farið fram á aukna tryggingu. Ef aukin trygging fæst ekki er samningnum lokað.

ii) Stefna varðandi mótaðilaáhættu

Undanfarin ár hefur sparisjóðurinn lagt áherslu á vel dreift útlánasafn og bætt gæði útlána.

iii) Lánavinnsla og heimildir

Farið er yfir allar lánsútsóknir og þeim hafnað strax ef þær uppfylla ekki skilyrði til lánveitinga sem sparisjóðurinn hefur sett. Til að tryggja hagsmuni sparisjóðsins er horft til greiðslugetu (greiðsluhæfis), viðskiptasögu og framboðinna trygginga við ákvörðun um útlán til viðskiptamanns. Samkvæmt almennum lánareglum sem stjórn sparisjóðsins setur, takmarkast almenn lánheimild sparisjóðsstjóra við 10% af eigin fé eins og það er skilgreint hjá FME um stórar áhættuskuldbindingar hjá Fjármálafyrirtækjum, en eftir það fjallar stjórn sparisjóðsins um einstök mál. Sparisjóðsstjóri hefur takmarkaða heimild til að fara yfir 10% mörkin þegar um er að ræða lánveitingu til fjármálafyrirtækis, sveitarfélags eða ríkissjóðs. Sparisjóðsstjóri getur framselt ákvörðunarvald sitt í einstökum lánamálum innan þess ramma sem útlánareglur SPM setja og í samræmi við starfsreglur sparisjóðsins um útlánaheimildir starfsmanna. Forstöðumenn einstakra sviða bera hver um sig ábyrgð gagnvart sparisjóðsstjóra á lánastarfsemi viðkomandi sviðs. Í áhættustýringarreglum sparisjóðsins koma síðan fram skilyrði sem takmarka þessar almennu lánheimildir sparisjóðsstjóra og annars starfsfólks.

Skýringar við ársreikninginn

(b) Frh.:

iv) Eftirlit með mótaðilaáhættu

Áhættustýring hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er með stöðu lána og vanskila ásamt gæðum trygginga. Reglulega er farið yfir og gerð töluleg greiningu á lánasafninu, mat á áætluðu tapi, hugsanlega áhættu í lánasafninu með tilliti til mótaðilaáhættu, áhættu í einstökum atvinnugreinum, o.s.frv. Áhættustýringardeild sparisjóðsins fylgist með að stöður einstakra viðskiptamanna séu innan settra heimilda og marka og fjallar um einstök vanskilamál. Lánaferill sparisjóðsins er að öðru leyti til stöðugar skoðunar, þ.e. hvað varðar gagnasöfnun, útlánaheimildir, lánsútsóknir, skjalagerð og mat og skráningu trygginga.

(c) Virðisrýrnun útlána

Framlag vegna útlánataps er fært þegar fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um að sparisjóðurinn geti ekki innheimt alla fjárhæð kröfu, t.d. lána, skuldbindinga, ábyrgða, o.s.frv., samkvæmt upphaflegum sammingsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum. Afskriftareikningur vegna útlánatapa er færður til lækkunar á bókfærðu verðmæti útlána í efnahagsreikningi, en afskriftareikningur vegna liða utan efnahagsreiknings svo sem vegna skuldbindinga og ábyrgða er færður meðal annarra skulda. Framlag í afskriftareikninginn er fært sem virðisrýrnun útlána. Afskriftareikningur útlána er metinn sérstaklega gagnvart einstökum mótaðilum eða hópi mótaðila samkvæmt eftirfarandi reglum:

i) Sérgreindar afskriftir

Krafa telst hafa orðið fyrir virðisrýrnun þegar raunverulegar vísbendingar benda til þess að sparisjóðurinn muni ekki geta innheimt alla kröfuna samkvæmt upprunalegum sammingsákvæðum. Mótaðilaáhætta er metin á grundvelli stöðu lántakandans, heildarfjárhagsstöðu hans, efnis og greiðslusögu, möguleikum á stuðningi hjá fjárhagslega ábyrgum ábyrgðaraðilum og söluverðmæti tryggingar, þar sem það á við.

Krafa telst hafa orðið fyrir virðisrýrnun þegar raunverulegar vísbendingar benda til þess að sparisjóðurinn muni ekki geta innheimt alla kröfuna samkvæmt upprunalegum sammingsákvæðum. Mótaðilaáhætta er metin á grundvelli stöðu lántakandans, heildarfjárhagsstöðu hans, efnis og greiðslusögu, möguleikum á stuðningi hjá fjárhagslega ábyrgum ábyrgðaraðilum og söluverðmæti tryggingar, þar sem það á við.

Áætluð endurheimtanleg fjárhæð er núvirði vænts sjóðstreymis lánsins, reiknað með því að nota upprunalega vexti lánsins. Virðisrýrnun er mismunurinn á bókfærðri fjárhæð og áætlaðri endurheimtanlegri fjárhæð. Við virðisrýrnun er færsla vaxtatekna á grundvelli upprunalegra skilmála kröfunnar hætt, en hækkun núvirðis virðisrýrðra krafna frá fyrri tíma er færð meðal vaxtatekna.

Útlán sem orðið hafa fyrir virðisrýrnun eru yfirfarin og metin á minnst þriggja mánaða fresti. Allar síðari breytingar á fjárhæðum og tímasetningum vænts sjóðstreymis í samanburði við fyrri mót sem leiða til breytinga á afskriftareikningi eru gjaldfærðar sem virðisrýrnun útlána. Virðisrýrnun er eingöngu bakfærð þegar gæði útlána hafa batnað nægilega mikið til að gild ástæða sé til að ætla aðinnheimta höfuðstóls og vaxta í tæka tíð í samræmi við upprunaleg sammingsákvæði útlánanna geti átt sér stað.

Endanlegar afskriftir eru gerðar þegar krafa í heild sinni eða að hluta telst óinnheimtanleg. Endanlegar afskriftir eru færðar til lækkunar á heildarfjárhæð kröfu og á móti til lækkunar á afskriftareikningi eða sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi. Endurgreiðslur á áður afskrifuðum kröfum eru færðar til lækkunar á gjaldfærðri virðisrýrnun útlána.

Skýringar við ársreikninginn

(b) Frh.:

ii) *Almennar afskriftir*

Öll útlán sem ekki hafa verið færð í sérgreindan afskriftareikning eru flokkuð saman í einsleit útlánasöfn þar sem metið er hvort virðisrýrnun sé til staðar innan safnsins. Afskriftir vegna heildarmats á virðisrýrnun er fært sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi og til lækkunar á lánstöðu. Þar sem afskriftir eru ekki færðar vegna einstakra lána, eru vextir reiknaðir á öll lán samkvæmt samningsákvæðum.

(d) **Eftirlit og stýring lausafjánhættu**

Lausafjánhætta er hætta á tapi vegna þess að sparisjóðurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. SPM fylgist með lausafjánhættu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Sparisjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Sparisjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjánhættu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Reglurnar fela meðal annars í sér aðgang að lánalínum, yfirdráttarheimildir og fjáreignir sem auðvelt og fljótlegt er að selja, svo sem ríkisvixla og ríkisskuldabréf.

Auk þess er fylgst með lausafjánhættu með skýrslum um lausafjánhættu sem sendar eru mánaðarlega til Seðlabanka Íslands. Lausafjánhættu sýnir hlutfallið á milli eigna og skulda eftir því hversu langt er til gjalddaga þeirra. Til að ákvarða lausafjánhættu vegur Seðlabankinn einstaka eignaflokka þannig að hlutfallið sé metið á varfærinn hátt.

Fjáreignir og fjárskuldir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	Bókfært verð	Allt að 1 mánuður	1-3 mán.	3-12 mán.	1-5 ár	Yfir 5 ár
Eignir						
Sjóður og ób. innstæður	1.143.568	1.143.568	0	0	0	0
Útlán og kröfur	34.766.680	1.417.249	5.243.291	4.966.366	12.721.964	10.417.810
Veltufjáreignir og afleiður .	726.046	726.046	0	0	0	0
Fjáreignir á gangvirði	8.652.905	8.652.905	0	0	0	0
Fjáreignir samtals	45.289.199	11.939.768	5.243.291	4.966.366	12.721.964	10.417.810
Skuldir						
Innlán frá fjármálafyrirt.	4.333.693	4.333.693	0	0	0	0
Almenn innlán	17.336.734	11.637.120	1.749.645	623.797	2.639.254	686.918
Veltufjárskuldir og afleiður	560.811	560.811	0	0	0	0
Lántaka	14.969.378		181.778	2.028.817	9.369.622	3.389.161
Víkjandi lán	2.107.511	0	0	0	1.372.311	735.200
Fjárskuldir samtals	39.308.127	16.531.624	1.931.423	2.652.614	13.381.187	4.811.279

Skýringar við ársreikninginn

(e) Eftirlit og stýring markaðsáætta

Markaðsáætta er sú áætta sem verður til vegna verðbreytinga á markaði, svo sem breytinga á gengi hlutabréfa, skuldabréfa, breytinga á vöxtum og gengi gjaldmiðla. Stefna sparisjóðsins er að fylgjast náið með markaðsáættunni og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem sett eru. Markaðsáætta er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiði og er fylgst daglega með hvoru tveggja og farið yfir reglulega af áhættustýringarnefnd. Heimilt er að kaupa í hlutabréfum sem eru skráð í innlendum og erlendum kauphöllum upp að skilgreindri fjárhæð. Áhættustýring fylgist daglega með að allar stöðutökur í hlutabréfum séu innan settra heimilda.

(e) Afleiður

Markmiðið með áhættuvörnum sparisjóðsins er að verja hann fyrir áhættu á að hreint innstreymi fjármagns verði fyrir neikvæðum áhrifum af breytingum á vöxtum, gengi, láns hæfismati eða markaðsverði. Sparisjóðurinn gengur til samninga til að tryggja að hann sé fjárhagslega varinn í samræmi við reglur um áhættustýringu. Sparisjóðurinn getur verslað í þessum tilgangi með afleiður eins og vaxta og gjaldeyris skiptasamninga, valrétti, staðlaða framvirka samninga og aðra afleiðusamninga.

(f) Vaxtaáætta

Starfsemi sparisjóðsins lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir (þar á meðal fjárfestingar) og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma, eru endurreiknuð á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum. Hvað varðar breytilega vexti eigna og skulda er sparisjóðurinn einnig í hættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innláns vaxta og LIBOR-vaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Fjárstýring, sem er deild á fyrirtækjasviði, stýrir vaxtajöfnuði sparisjóðsins. Stefnt er að því að halda sem bestu jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Fjárstýring hefur heimild til að taka vaxtaáætta innan skilgreindra marka, sem endurspeglar væntingar sparisjóðsins um þróun vaxta á markaði.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna sparisjóðsins nam 16.535 millj. kr. í lok ársins og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam á sama tíma 11.585 millj. kr.

(g) Gjaldyrisáætta

Gjaldyrisáætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Fylgst er með opinni gjaldyrisstöðu í hverri mynt í sparisjóðnum. Sparisjóðurinn stefnir að því að takmarka gjaldyrisáætta og fylgist með henni í samhengi við heildar eigið fé sparisjóðsins.

Að jafnaði skal miðað við að jafnvægi ríki milli eigna og skulda í erlendum myntum. Þó er heimilt að víkja þar frá, enda sé fylgt ákvæðum reglna Seðlabanka Íslands um gjaldyrisjöfnuð. Í því felst að opin gjaldyrisstaða sparisjóðsins í einstökum erlendum myntum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en nemur 20% af eigin fé hans samkvæmt skilgreiningu í þeim reglum og samkvæmt síðasta birta uppgjöri. Þá skal heildargjaldyrisjöfnuður sparisjóðsins að jafnaði hvorki vera jákvæður né neikvæður umfram 20% af eigin fé hans samkvæmt síðasta birta uppgjöri.

Fari gjaldyrisjöfnuður umfram þau mörk sem hér eru tilgreind skal þegar gripið til aðgerða til að laga hann. Skal jöfnuðurinn vera innan tilskilinna marka eigi síðar en innan þriggja viðskiptadaga.

Sundurliðun eigna og skulda eftir gjaldmiðlum:

Heildareignir í erlendum gjaldmiðlum samkvæmt ársreikningi sparisjóðsins nema 19.474 millj. kr. og heildarskuldir nema 19.233 millj. kr. í árslok. Meðtalið í þessum fjárhæðum eru framvirkir samningar og skiptasamningar. Áhrif 10% hækkunar (lækkunar) gengisvísitölu krónunnar á gjaldyrisjöfnuð sparisjóðsins veldur 24,1 millj. kr. gengishagnaði (gengistapi) miðað við stöðu hans í árslok.

Skýringar við ársreikninginn

(g) Frh.:	ISK	USD	EUR	CHF	JPY	Aðrir gjaldmiðlar
Eignir	16.912.764	1.029.376	8.002.165	4.579.459	5.135.798	727.395
Skuldir	17.153.893	1.068.435	7.296.358	4.741.186	5.593.397	533.690
Nettóstaða gjaldmiðils	(241.129)	(39.059)	705.807	(161.727)	(457.599)	193.705

(h) Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhætta sem stafar af beinu eða óbeinu tapi sem á sér margvíslegar ástæður tengdar þróun samstæðunnar, verkferlum, starfsmannamálum, tækni eða innviðum fyrirtækisins. Ytri ástæður, aðrar en lána-, markaðs- eða lausafjárahætta, geta stafað af lagalegum kröfum eða almennt viðurkenndum verklagsreglum fyrirtækja. Rekstraráhætta stafar af allri starfsemi fyrirtækisins og snertir allar einingar þess.

Sparisjóðurinn starfar á mörgum sviðum eftir innri reglum sem samþykktar hafa verið af stjórn sparisjóðsins eða af sparisjóðsstjóra í umboði stjórnar. Þessar reglur taka til allra mikilvægustu þátta í starfsemi sparisjóðsins og er ætlað að tryggja að sparisjóðurinn starfi samkvæmt lögum og reglum sem sett eru af yfirvöldum sem og þeim samþykktum sparisjóðsins sem stjórn hans hefur samþykkt.

Sparisjóðurinn útvistar öllum helstu tækni og upplýsingamálum til Teris (Tölvumiðstöð Sparisjóðanna) sem er í eigu sparisjóðsins auk annarra sparisjóða á Íslandi. Árið 2006 fékk Teris vottun samkvæmt alþjóðlega ISO/IEC-staðlinum 27001:2005 um stjórnun upplýsingaöryggis. Vottunin er staðfesting á því að Teris uppfyllir allar kröfur Fjármálaeftirlitsins um rekstur upplýsingatæknikerfa fyrir fjármálafyrirtæki og er um leið mikilvægur þáttur í að efla stöðugt öryggi í meðhöndlum gagna viðskiptavina Teris.

Skýringar við ársreikninginn

Skýringar við rekstrarreikning

Hreinar vaxtatekjur

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:	2007	2006
<i>Vaxtatekjur</i>		
Sjóður og óbundnar innstæður	44.293	20.106
Afleiður	278.833	126.821
Kröfur á lánastofnanir	18.029	7.733
Útlán til viðskiptamanna	3.829.168	2.912.162
Markaðsverðbréf	75.863	112.175
Aðrar vaxtatekjur	11.922	0
Samtals	4.258.108	3.178.997
<i>Vaxtagjöld</i>		
Afleiður	205.949	0
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	315.622	329.166
Almenn innlán	1.652.737	1.219.507
Lántökur	964.413	770.738
Víkjandi lán	240.382	159.284
Önnur vaxtagjöld	106.189	36.049
Samtals	3.485.292	2.514.744
Hreinar vaxtatekjur samtals	772.816	664.253

Hreinar þjónustutekjur

6. Þjónustutekjur og þjónustugjöld greinast þannig:	2007	2006
Þóknun af verðbréfavíðskiptum	537	0
Þóknun af lánveitingum	56.154	9.772
Aðrar þjónustutekjur	284.153	327.731
Þjónustutekjur samtals	340.844	337.503
Þóknunarkostnaður af verðbréfavíðskiptum	733	0
Önnur þjónustugjöld	33.457	45.787
Þjónustugjöld samtals	34.191	45.787
Hreinar þjónustutekjur	306.653	291.716

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum

7. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum greinast þannig:	2007	2006
Arðstekjur	136.842	114.183
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	7.122	11.652
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	1.026.399	2.279.289
Hreinar tekjur af afleiðusamningum	132.706	77.407
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	1.303.069	2.482.531

Skýringar við ársreikninginn

8. Arðstekjur greinast þannig:	2007	2006
Arðstekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	136.842	114.183
Arðstekjur	136.842	114.183

9. Hreinar tekjur af veltufjáreignum og velturfjárskuldum greinast þannig:		
Afleiðusamningar	7.122	11.652
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og velturfjárskuldum	7.122	11.652

Aðrar rekstrartekjur

10. Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:		
Hagnaður af sölu eigna annarra en eigna til sölu	3.676	0
Aðrar rekstrartekjur	314.205	68.787
Aðrar rekstrartekjur	317.881	68.787

Starfsmannamál

11. Heildarfjöldi starfsmanna greinist þannig:	2007	2006
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	98	70
Fjöldi stöðugilda miðað við heildagsstörf í árslok	98	73

12. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	457.408	323.512
Framlag vegna lífeyrisskuldbindingar og lífeyrisiðgjöld	113.289	17.271
Önnur launatengd gjöld	102.944	178.509
Laun og launatengd gjöld	673.641	519.292

Laun stjórnenda

13. Laun og launatengd gjöld stjórnenda greinast þannig:		Laun
Sparisjóðsstjóri:		
Gísli Kjartansson		23.315
Stjórn:		
Sigurður Már Einarsson, stjórnarformaður		2.727
Bjarni Helgason		1.341
Guðmundur Eiríksson		1.247
Helga Halldórsdóttir		1.252
Kolfinna Jóhannesdóttir		1.217
Sparisjóðsstjórar og framkvæmdastjórnar dótturfélags (3)		61.004

Skýringar við ársreikninginn

Póknun til endurskoðenda

14. Póknun til endurskoðenda greinist þannig:	2007	2006
Endurskoðun ársreiknings	9.108	6.025
Könnun árshlutareiknings	4.011	3.201
Önnur þjónusta	8.003	3.389
Póknun til endurskoðenda	21.122	12.615

Tekjuskattur

15. Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

Tekjuskattur til greiðslu	0	(838)
Hækkun tekjuskattsskuldbindingar	98.463	455.411
Gjaldfærður tekjuskattur	98.463	454.573

Virkt skatthlutfall:	2007	2006
Hagnaður fyrir tekjuskatt	733.709	2.733.153
18% tekjuskattur af hagnaði ársins	18,0% 132.068	18,0% 491.968
Arðstekjur undanþegnar sköttum	(3,6%) (26.196)	(0,4%) (11.901)
Áhrif hlutdeildarféлага	(0,5%) (3.331)	(0,6%) (15.749)
Aðrar breytingar	(0,6%) (4.078)	(0,4%) (9.745)
Virkur tekjuskattur	13,4% 98.463	16,6% 454.573

Skýringar við ársreikninginn

Skýringar við efnahagsreikning

Fjáreignir og fjárskuldir

16. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun samstæðunnar á fjáreignum og fjárskuldum og gangvirði þeirra (fyrir utan áfallna vexti).

	Veltufjár liðir	Tilgreindar á gangvirði	Lán og kröfur	Annað afskrifað	Bókfært alls	Gangvirði
31. desember 2007						
Sjóður og óbundnar innstæður				1.143.568	1.143.568	1.143.568
Veltufjáreignir	143.253				143.253	143.253
Afleiður gerðar í áhættu- varnarskyni	582.793				582.793	582.793
Kröfur á lánastofnanir				247.388	247.388	247.388
Útlán til viðskiptamanna				34.766.680	34.766.680	34.112.962
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði		8.652.905			8.652.905	8.652.904
	726.046	8.652.905	0	35.014.068	44.393.019	43.739.300
Veltufjárskuldir	6.837				6.837	6.837
Afleiður gerðar í áhættu- varnarskyni	553.974				553.974	553.974
Innlán frá fjármálafyrirtækjum				4.333.693	4.333.693	4.333.693
Almenn innlán				17.336.734	17.336.734	17.336.734
Lántökur				14.969.378	14.969.378	14.599.065
Víkjandi lán				2.107.511	2.107.511	1.883.621
	560.811	0	0	38.747.316	39.308.127	38.713.924
31. desember 2006						
Sjóður og óbundnar innstæður				574.477	574.477	574.477
Veltufjáreignir	7.664				7.664	7.664
Veðsettar eignir						
Afleiður gerðar í áhættu- varnarskyni	349.058				349.058	349.058
Kröfur á lánastofnanir				217.837	217.837	217.837
Útlán til viðskiptamanna				26.739.031	26.739.031	26.625.585
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði		6.519.174			6.519.174	6.295.917
	356.722	6.519.174	0	27.531.345	34.407.241	34.070.538
Veltufjárskuldir	8.677				8.677	8.677
Afleiður gerðar í áhættu- varnarskyni	292.155				292.155	292.155
Innlán frá fjármálafyrirtækjum				2.863.213	2.863.213	2.863.213
Almenn innlán				14.442.926	14.442.926	14.442.926
Lántökur				10.417.425	10.417.425	10.294.788
Víkjandi lán				1.225.501	1.225.501	1.201.802
	300.832	0	0	28.949.065	29.249.897	29.103.561

Skýringar við ársreikninginn

Handbært fé

17. Handbært fé greinist þannig:	2007	2006
Handbært fé	1.143.568	574.477
Handbært fé	1.143.568	574.477

Kröfur á lánastofnanir

18. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig eftir tegundum lána:	2007	2006
Bankareikningar	0	13.136
Peningamarkaðslán	100.938	111.329
Önnur lán	146.450	93.372
Kröfur á lánastofnanir	247.388	217.837

19. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2007	2006
Gjaldkræfar kröfur	37.510	0
Allt að 3 mánuðir	188.608	217.837
1 til 5 ár	21.270	0
Kröfur á lánastofnanir	247.388	217.837

Útlán til viðskiptamanna

20. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig eftir tegundum lána:	2007	2006
Yfirdráttarlán	5.674.740	4.163.766
Víxlar	44.730	39.108
Skuldabréf	29.629.052	23.114.074
Önnur lán	14.924	11.015
Afskriftareikningur útlána	(596.766)	(588.932)
Útlán til viðskiptamanna	34.766.680	26.739.031

21. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig eftir lántakendum:	2007	2006
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	3,9%	6,3%
Atvinnugreinar:		
Sjávarútvegur og landbúnaður	12,8%	14,5%
Iðnaður	9,7%	10,9%
Verslun	5,6%	6,7%
Þjónusta	19,6%	23,6%
Einstaklingar	48,4%	38,0%
Útlán til viðskiptamanna	100,0%	100,0%

Skýringar við ársreikninginn

22. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2007	2006
Gjaldkræf útlán	824.564	592.828
Allt að 3 mánuðir	4.093.517	3.785.472
3 mánuðir til 1 ár	3.257.212	2.410.638
1 til 5 ár	12.627.249	7.498.686
Yfir 5 ár	13.964.137	12.451.407
Útlán til viðskiptamanna	34.766.680	26.739.031

23. Breytingar á afskriftareikningi útlána greinist þannig:	Sérgreint framlag	Almennt framlag	2007 Samtals	2006 Samtals
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjum	300.317	288.615	588.932	541.906
Virðisrýrnun útlána á árinu	486.912	92.072	578.984	215.410
Endanlega tapað	(574.109)	0	(574.109)	(168.564)
Innkomið áður afskrifað	2.959	0	2.959	180
Afskriftareikningur útlána í árslok	216.079	380.687	596.766	588.932

Óvaxtaberandi útlán eru skilgreind sem mismunur á höfuðstóli og framlagi í sérgreindan afskriftareikning vegna lána sem metin hafa verið í tapshættu. Óvaxtaberandi útlán í árslok 2007 námu 372 millj. kr., eða sem nemur 1,1% af heildarútlánunum. Í lok árs 2006 námu óvaxtaberandi útlán 381 millj. kr. eða sem nemur 1,4% af heildarútlánunum.

24. Virðisrýrð útlán og sérgreindur afskriftareikningur greinist þannig eftir lántakendum:

31. desember 2007

Atvinnugreinar:	Fjárhæð virðisrýrðra útlána	Virðis rýrnun	Bókfært verð
Sjávarútvegur og landbúnaður	32.958	26.234	6.724
Iðnaður	59.083	21.758	37.325
Byggingastarfsemi	26.694	12.838	13.856
Verslun og samgöngur	16.218	12.227	3.991
Þjónusta	55.304	45.981	9.323
Einstaklingar	114.198	97.041	17.157
Sérgreindur afskriftareikningur	304.455	216.079	88.376

31. desember 2006

Atvinnugreinar:	Fjárhæð virðisrýrðra útlána	Virðis rýrnun	Bókfært verð
Sjávarútvegur og landbúnaður	110.096	47.702	62.394
Iðnaður	65.325	62.497	2.828
Byggingastarfsemi	1.302	260	1.042
Verslun og samgöngur	490	50	440
Þjónusta	120.748	85.012	35.736
Einstaklingar	132.483	104.796	27.687
Sérgreindur afskriftareikningur	430.444	300.317	130.127

Skýringar við ársreikninginn

Veltufjáreignir

25. Veltufjáreignir greinast þannig:	2007	2006
Afleiðusamningar	143.253	7.664
Veltufjáreignir	143.253	7.664

26. Sparisjóðurinn hefur gert afleiðusamninga að fjárhæð 597 millj. kr. á móti hlutabréfaeign sinni. Allir samningarnir eru á móti skráðum hlutabréfum og eru þeir skráðir á markaðsverði. Sparisjóðurinn hefur ekki gert afleiðusamninga á móti skuldabréfaeign sinni.

Afleiðusamningar

27. Afleiðusamningar, eftirstöðvatími höfuðstóls og bókfært verð greinast þannig:

2007	Höfuðstóll			Bókfært verð		
	Allt að 3 mánuðir	Yfir 3 mánuðir og allt að ári	Yfir 1 ár	Samtals	Eignir	Skuldir
Óskráðir gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:						
Framvirkir gjaldmiðlasamningar	6.846.603	1.544.396	0	8.390.999	117.382	59.110
Vaxtaskiptasamningar	0	3.301.026	674.132	3.975.158	465.411	494.864
Samtals	6.846.603	4.845.422	674.132	12.366.157	582.793	553.974
Óskráðar hlutabréfaafleiður:						
Framvirkir samningar	653.388	60.497	0	713.885	143.253	6.837
Samtals	653.388	60.497	0	713.885	143.253	6.837
Samtals afleiðusamningar	7.499.991	4.905.919	674.132	13.080.042	563.261	414.232
2006						
Óskráðir gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:						
Framvirkir gjaldmiðlasamningar	3.084.020	1.472.056	0	4.556.076	286.442	258.923
Vaxtaskiptasamningar	0	2.474.246	1.786.812	4.261.058	62.616	33.232
Samtals	3.084.020	3.946.302	1.786.812	8.817.134	349.058	292.155
Óskráðar hlutabréfaafleiður:						
Framvirkir samningar	543.524	0	0	543.524	7.664	8.677
Samtals	543.524	0	0	543.524	7.664	8.677
Samtals afleiðusamningar	3.627.544	3.946.302	1.786.812	9.360.658	356.722	300.832

Tilgangurinn með ofangreindum samningum er að stjórna gjaldmiðla- og vaxtaáhættu í samstæðunni. Útlánaáhættan er metin 380 millj. kr. við útreikning á eiginfjárlutfalli samstæðunnar í árslok 2007, en 179 millj. kr. í árslok 2006.

Skýringar við ársreikninginn

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

28. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði greinast þannig:	2007	2006
Hlutabréf	7.379.436	5.424.180
Skuldabréf	1.254.046	1.094.994
Víxlar	19.423	0
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	8.652.905	6.519.174

Dótturfélög

29. Eignarhlutir móðurfélagsins í dótturfélögum greinast þannig (fjárhæðir eru í þús. kr.):

	Staðsetning	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Tekjur	Afkoma
SPM ehf.	Ísland	100,0%	85.422	1.496	8.531	3.156
Niðurskógur ehf.	Ísland	100,0%	459.174	435.267	25.480	(23.014)
Sparisjóður Siglufjarðar	Ísland	99,9%	7.928.959	6.916.900	499.584	103.474
Sparisjóður Ólafsfjarðar	Ísland	99,9%	3.504.769	3.187.332	176.496	48.228
Veita hf.	Ísland	60,3%	144.421	76.614	159.411	(4.850)

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

30. Breytingar á eignarhlutum í hlutdeildarfélagum greinast þannig:	2007	2006
Bókfært verð í upphafi árs	236.298	160.182
Keyptir eignarhlutir	153.000	64.313
Hlutdeild í afkomu	10.906	11.803
Bókfært verð í lok árs	400.204	236.298

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum greinast þannig:

	Eignir	Skuldir	Eignarhluti	Nafnverð	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Borgarland ehf.	497.397	356.207	42,0%	26.250	26.250	70.556
Fjárvíar hf.	450.000	0	34,0%	153.000	0	153.000
Vesturland hf., eignarhaldsfélag	1.218.738	863.888	49,8%	150.000	8.369	176.648
Samtals	2.166.135	1.220.095		329.250	34.619	400.204

Skýringar við ársreikninginn

Óefnislegar eignir

31. Óefnislegar eignir:

Samstæðan hefur framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild samstæðunnar. Virðisrýrnunarprófið er framkvæmt í fjórða ársfjórðungi ár hvert, byggt á rekstraráætlun til næstu fimm ára.

Fjárskapandi eining er metin á sjálfstæðan hátt, þar sem væntingar um hagnað, vöxt efnahags og ávöxtunarkrafa eru meðal helstu breyta í matinu á hverri fjárskapandi einingu fyrir sig. Rekstraráætlun byggir á rauntölum og framtíðar væntingum stjórnenda. Væntur meðal vöxtur efnahags fyrir árin 2008-2012 er 12-15%. Stuðst var við 14% ávöxtunarkröfu eftir skatta til að núvirða framtíðar fjárflæði.

Óefnislegar eignir greinast þannig:

2007	Viðskiptavild	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Óefnislegar eignir í ársbyrjun	223.014	145.578	368.592
Viðbætur á árinu	21.977	2.532	24.509
Afskriftir og virðisrýrnun á árinu	(19.993)	(3.107)	(23.100)
Óefnislegar eignir í árslok	224.998	145.003	370.001

2006	Viðskiptavild	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Óefnislegar eignir í ársbyrjun	0	43.880	43.880
Viðbætur á árinu	223.014	101.698	324.712
Óefnislegar eignir í árslok	223.014	145.578	368.592

Rekstrarfjármunir

32. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

2007	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	249.361	229.695	479.056
Viðbætur á árinu	57.500	7.074	64.574
Heildarverð í árslok	306.861	236.769	543.630
Áður afskrifað	98.449	114.453	212.902
Afskriftir á árinu	17.099	7.191	24.290
Afskrifað samtals	115.548	121.644	237.192
Bókfært verð í árslok	191.313	115.125	306.438

Skýringar við ársreikninginn

32. Frh.:

2006	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	248.173	221.686	469.859
Viðbætur á árinu	1.188	4.807	5.995
Selt og niðurlagt á árinu	0	3.202	3.202
Heildarverð í árslok	249.361	229.695	479.056
Áður afskrifað	93.508	96.936	190.444
Afskriftir á árinu	4.943	17.517	22.460
Afskrifað samtals	98.451	114.453	212.904
Bókfært verð í árslok	150.910	115.242	266.152
Afskriftir og virðisrýrnun gjaldfærð í rekstrarreikningi greinast þannig:		2007	2006
Afskriftir fasteigna, áhalda og tækja		24.290	22.460
Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna		23.100	0
Afskriftir og virðisrýrnun í árslok		47.390	22.460

Aðrar eignir

33. Aðrar eignir greinast þannig:

Ýmsar eignir	130.260	96.997
Áfallnar tekjur	55.012	56.319
Bundnar innistæður í seðlabönkum	93.605	93.605
Aðrar eignir	278.877	246.921

Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka

34. Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Allt að 3 mánuðir	1.806.061	2.444.769
3 mánuðir til 1 ár	2.523.536	418.444
Yfir 5 ár	4.096	0
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka	4.333.693	2.863.213

Almenn innlán

35. Almenn innlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræft	11.980.240	8.735.419
Allt að 3 mánuðir	1.903.224	1.409.693
3 mánuðir til 1 ár	679.503	865.919
1 til 5 ár	2.038.113	2.803.160
Yfir 5 ár	735.654	628.735
Almenn innlán	17.336.734	14.442.926

Skýringar við ársreikninginn

Veltufjárskuldir

36. Veltufjárskuldir greinast þannig:	2007	2006
Afleiðusamningar	6.837	8.677
Veltufjárskuldir	6.837	8.677

Lántaka

37. Lántaka greinist þannig:	2007	2006
Útgefin skuldabréf	2.544.141	2.618.470
Útgefnir víxlar	30.720	0
Lán frá fjármálafyrirtækjum	12.394.517	7.798.955
Lántaka	14.969.378	10.417.425

38. Lántaka greinist þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Allt að 3 mánuðir	181.778	130.972
3 mánuðir til 1 ár	2.028.817	1.502.318
1 til 5 ár	9.369.622	5.032.092
Yfir 5 ár	3.389.161	3.752.043
Lántaka	14.969.378	10.417.425

Víkjandi lán

39. Víkjandi lán greinast þannig:

	Gjaldmiðill	Vextir	Gjalddagi	2007 Bókfært verð	2006 Bókfært verð
Lán sem nýtast sem eiginfjárbáttur B:					
Útgefin 2004, verðtryggð	ISK	6,0%	2014	125.659	118.702
Útgefin 2005, verðtryggð	ISK	4,6%-6,0%	2015	339.854	310.688
Útgefin 2006, verðtryggð	ISK	5,7%-6,6%	2016	898.326	796.111
Útgefin 2007, gengistryggð	EUR	6,9%	2017	743.672	0
				2.107.511	1.225.501
Samtals				2.107.511	1.225.501

Lífeyrisskuldbinding

40. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	517.667	355.604
Vextir	42.359	29.633
Framlag ársins	127.471	140.050
Greiddur lífeyrir	(10.225)	(7.621)
Lífeyrisskuldbinding í árslok	677.272	517.666

Skýringar við ársreikninginn

Skattskuldir

41. Skattskuldir greinast þannig:	2007	2006
Tekjuskattur til greiðslu	1.496	838
Tekjuskattsskuldbinding	929.724	829.360
Skattskuldir	931.220	830.198

42. Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	2007	2006
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	829.360	388.497
Gjaldfærður tekjuskattur	98.463	454.573
Tekjuskattur til greiðslu	(1.496)	(838)
Mismunur á áætluðum og álögðum sköttum	3.397	(12.872)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	929.724	829.360

43. Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á milli liða:		
Eignarhlutir í félögum	1.178.267	915.539
Rekstrarfjármunir	8.320	2.833
Óefnislegar eignir	6.182	9.063
Fjárfestingareignir	14.461	14.461
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(270.002)	(145.790)
Aðrir liðir	(7.504)	33.254
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	929.724	829.360

Aðrar skuldir

44. Aðrar skuldir greinast þannig:		
Viðskiptaskuldir	5.098	3.221
Aðrar skuldir	438.644	365.514
Aðrar skuldir	443.742	368.735

Skýringar við ársreikninginn

Eigið fé

45. Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins nemur stofnfé hans í árslok 505 millj. kr. Á árinu hækkaði sparisjóðurinn stofnfé sitt um 500 millj. kr.
46. Eigið fé í árslok nemur 6.299 millj. kr. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 11,6%. Samkvæmt lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig:

	2007		2006	
	Bókfærð staða	Vegin staða	Bókfærð staða	Vegin staða
Áhættugrunnur:				
Bókfærðar eignir	47.698.433	34.601.016	33.749.891	26.861.427
Eignir til frádráttar eigin fé		(4.399.574)		(1.556.874)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings		1.412.574		1.306.065
		<u>31.614.016</u>		<u>26.610.618</u>
Eigið fé:				
Eiginfjárfáttur A:				
Bókfært eigið fé		6.299.420		3.543.750
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir		(370.001)		(107.073)
Hlutdeild minnihluta		38.652		0
Eignarhlutir í fjármálastofnunum		(4.399.574)		(1.556.874)
Eiginfjárfáttur B:				
Víkjandi lán		2.107.511		1.225.501
		<u>3.676.008</u>		<u>3.105.304</u>
Eiginfjárlutfall		11,6%		11,7%
Þar af eiginfjárfáttur A:		5,0%		7,1%

Liðir utan efnahagsreiknings

47. Samstæðan hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessir liðir greinast þannig:
- | | 2007 | 2006 |
|-------------------------------------|-----------|-----------|
| Ábyrgðir | 2.738.830 | 1.618.291 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 1.389.225 | 1.412.476 |

Úlánaáhættan vegna veittra ábyrgða er metin á 1.163 millj. kr. við útreikning á eiginfjárlutfalli samstæðunnar.

48. Húsaleigusamningar sem samstæðan hefur gert eru í samræmi við almenn kjör á leigumarkaði fyrir atvinnuhúsnæði og ákvæði um breytingar á leigugreiðslum út frá verðvísitölum og gengi gjaldmiðla.

Skýringar við ársreikninginn

49. Samstæðan hefur gert leigusamninga vegna fasteigna sem notaðar eru í rekstrinum. Samningarnir eru til allt að 25 ára og sparisjóðurinn hefur forkaupsrétt að eignunum eða rétt til að framlengja samninga í lok samningstímans.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda

50. Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.

Veðsettar eignir

51. Eignir hafa verið veðsettar sem trygging fyrir eftirfarandi skuldir og óvissar skuldir: 2007 2006

Skuldir

Endurhverf verðbréfakaup við fjármálastofnun 817.161 0

Eignir

Endurhverf verðbréfasala við fjármálastofnun 750.500 0

Samstæðan hefur selt sjóðstreymi af hluta af íbúðalánnum sínum til Íbúðalánasjóðs, sem hefur yfirtekið alla áhættu tengda viðskomandi lánum. Munurinn á milli núvirðis lána frá Íbúðalánasjóði og bókfærðu verði undirliggjandi lána hefur verið tekjufærður í rekstrarreikningi sem hreinar tekjur af sölu fjáreigna metinna á framreiknuðu kostnaðarverði.

Eignir og skuldir

Sjóðstreymi af útlánum selt til Íbúðalánasjóðs 168.424 199.298

Tengdir aðilar

52. Tengdir aðilar sparisjóðsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn sparisjóðsins, sparisjóðsstjórar, framkvæmdastjórar, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir stofnfjáreigendur í sparisjóðnum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Lán til sparisjóðsstjóra	32.600	32.454
Lán til stjórnarmanna og félaga tengdum þeim	31.615	30.770
Lán til hlutdeildarféлага	175.908	970.147

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu 2007.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar um laun til stjórnenda og stjórnarmanna samstæðunnar eru í skýringu 15.

Önnur mál

53. Í október 2007 keypti sparisjóðurinn um 95% hlutafjár í NordVest Verðbréfum hf. Fjármálaeftirlitið veitti formlegt samþykki fyrir kaupunum 6. febrúar 2008 og telst það lögformlegur yfirtökudagur sparisjóðsins á félaginu. Félagið er því ekki hluti af samstæðureikningsskilum sparisjóðsins fyrir árið 2007.

Skýringar við ársreikninginn

54. Á árinu 2007 samþykktu stjórnir dótturfélagsins Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar samrunaáætlun fyrir sjóðina og miðast samruninn við 1. janúar 2007. Fjármálaeftirlitið hefur samrunann til athugunar og ekki lá fyrir úrskurður þess um lögmæti samrunans þegar ársreikningur samstæðunnar var birtur. Sparisjóður Skagafjarðar er því ekki hluti af samstæðureikningsskilum sparisjóðsins fyrir árið 2007.

Atburðir eftir lok reikningsárs

55. Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings, sem krefjast myndu lagfæringar eða breytingar á ársreikningi 2007. Ársreikningurinn verður lagður fram á aðalfundi stofnfjáreigenda til samþykktar.

Skýringar við ársreikninginn

Breytingar á reikningsskilaaðferðum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

56. Eins og tekið er fram í skýringu 2 um reikningsskilaaðferðir, þá er þetta fyrsti ársreikningur samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Ársreikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2007 er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2006 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2006, þar sem breytingar taka gildi þann dag, sem einnig er nefndur innleiðingardagur.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2006 hefur verið breytt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en voru áður birtar í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskilánastofnana. Meðfylgjandi töflur og skýringar sýna hvaða áhrif yfirfærsla frá íslenskum reikningsskilavenjum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur haft á fjárhagsstöðu samstæðunnar og afkomu. Ekki er um að ræða verulegar breytingar á sjóðstreymi samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samanborið við hvernig það var áður samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum.

Breytingar á eigin fé frá fyrri reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla		Eigið fé
Eigið fé samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum 31. desember 2006		3.543.750
Eigið fé samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 1. janúar 2007		<u>5.211.921</u>
Breytingar á eigin fé frá fyrri reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla		<u>1.668.171</u>
Breytingar í byrjun árs 2006		
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	IAS 39	1.193.889
Útlán	IAS 39 (134.983)
Viðskiptavild	IAS 38 (27.135)
Lífeyrisskuldbinding	IAS 19 (24.613)
Leigusamningar	IAS 17	2.990
Fjáreignir til sölu	IAS 39	9.895
Afskriftareikningur útlána	IAS 39 (26.198)
Áhrif á skatta í gegnum rekstrarreikning	IAS 12 (178.892)
	Heildarbreyting 1. janúar 2006	<u>814.953</u>
Breytingar á árinu 2006		
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	IAS 39	1.048.292
Viðskiptavild	IAS 38	16.922
Lífeyrisskuldbinding	IAS 19 (23.849)
Leigusamningar	IAS 17 (11.652)
Hlutdeild minnihluta	IAS 28	46.797
Fjáreignir til sölu	IAS 39 (17.558)
Afskriftareikningur útlána	IAS 39 (28.715)
Áhrif á skatta í gegnum rekstrarreikning	IAS 12 (180.179)
Skattar færðir á eigið fé	IAS 12	3.160
	Heildarbreyting 2006	<u>853.218</u>
Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla		<u>1.668.171</u>

Skýringar við ársreikninginn

56. frh.:

Heildaráhrif yfirfærslu í alþjóðlega reikningsskilastaðla á eigið fé er hækkun um 1.668 millj. kr. Hér á eftir er farið yfir áhrifin sem af þessum nýju reikningsskilaaðferðum á rekstrar- og efnahagsreikning.

Lántökugjöld

Lántökugjöld verða innleyst í rekstrarreikningi á líftíma lána í stað þess að færa þau sem vaxtatekjur og -gjöld þegar þau falla til. Afleiðing þessa er að vaxtatekjur sparisjóðsins lækka til skamms tíma en langtímaáhrif þessa eru óveruleg. Heildaráhrif þessara breytinga á reikningsskilaaðferð er lækkun á eigin fé að fjárhæð 135 millj. kr.

Virðisrýrnun útlána

Í samræmi við IAS 39 hefur samstæðan samstæðan framkvæmt virðisrýrnunarpróf á útlánnum og leiddi það til lækkunar á eigin fé um 55 millj. kr.

Samkvæmt IAS 39 ber samstæðunni að yfirfara öll útlán til að ganga úr skugga um hvort þar sé að gæta hlutlægra vísbendinga um virðisrýrnun sem áhrif hefur á vænt fjárstreymi útlánanna. Útlánin verða þá færð niður í núvirði vænts fjárstreymis.

Viðskiptavild

Viðskiptavild er ekki lengur afskrifuð heldur er framkvæmt virðisrýrnunarpróf árlega á henni. Afskriftin á viðskiptavildinni á árinu 2006 hefur verið bakfærð og leiddi það til lækkunar á hagnaði um 17 millj. kr. Við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlann lækkaði eigið fé 1. janúar 2006 um 27 millj. kr. vegna virðisrýrnunar á viðskiptavild frá fyrri árum.

Óskráðar eignir á gangvirði

Samstæðan færir nú öll hlutabréf í óskráðum félögum á metnu gangvirði í stað kaupverðs eða áætlaðs markaðsverðs, ef það var metið lægra en kaupverðið. Áhrif þessa eru að gengishagnaður er færður í ársreikninginn og eigið fé hækkar um 2.242 millj. kr.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding er nú reiknuð miðað við 2,0% ávöxtunarkröfu í stað 3,0%. Áhrif þessa eru lækkun á eigin fé um 48 millj. kr.

Tekjuskattsskuldbinding

Við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna námu skattaáhrif samtals 356 millj. kr. með hækkun á skattskuld og lækkun eigin fjár.

Skýringar við ársreikninginn

56. frh.:

Frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Meðfylgjandi töflur sýna yfirlit um áhrif yfirfærslunnar yfir í alþjólegu reikningsskilastaðlana greint eftir breytingu á mati og framsetningu.

Rekstrarreikningur 2006, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í alþjóðlega reikningsskilastaðla

	IS-GAAP	Mats- breyting	Breyting á framsetn.	IFRS		
Fyrri reikningsskilaaðferðir					Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar	
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	165.846 (11.186) (154.660)	0		
Vaxtatekjur af útlánnum	2.941.161 (28.999) (2.912.162)	0		
Vaxtatekjur af markaðsverðbréfum	112.175	(112.175)	0		
			3.178.997	3.178.997	Vaxtatekjur	
Vaxtagjöld til lánastofnana	(329.166)		329.166	0		
Vaxtagjöld af innlánnum	(1.219.507)		1.219.507	0		
Vaxtagjöld af lántökum	(770.738)		770.738	0		
Vaxtagjöld af víkjandi lánnum	(159.284)		159.284	0		
Önnur vaxtagjöld	(31.362) (4.687)	36.049	0		
		(2.514.744) (2.514.744)	Vaxtagjöld	
Tekjur af hlutabréfum og						
öðrum eignarhlutum	621.189	(621.189)	0		
Þjónustutekjur	337.503			337.503	Þjónustutekjur	
Þjónustugjöld	(45.787)			(45.787)	Þjónustugjöld	
Gengismunur	1.251.734	(1.251.734)	0		
		(11.652)	(11.652)	Hreinar tekjur af
					veltufjáreignum og skuldum	
					Hreinar tekjur af	
		1.059.478	1.375.887	2.435.365	öðrum fjáreignum	
		(9.969) (9.969)	Gengismunur	
		6.089	507.005	513.094	Hlutdeild í afkomu hlut.félaga	
Aðrar rekstrartekjur	68.787			68.787	Aðrar rekstrartekjur	
Laun og launatengd gjöld	(500.130) (19.162)		(519.292)	Laun og launatengd gjöld	
Annar stjórnunarkostnaður	(383.125)	(78.154) (461.279)	Annar rekstrarkostnaður	
Afskriftir	(33.293)	10.833		(22.460)	Afskriftir	
Annar rekstrarkostnaður	(42.622)		42.622	0		
Framlag í afskriftareikning útlána	(251.226)	284	35.532 (215.410)	Virðisryrning útlána	
Tekjuskattur	(274.394) (180.179)		(454.573)	Tekjuskattur	
Hagnaður ársins	1.457.761	820.819	0	2.278.580	Hagnaður ársins	

Skýringar við ársreikninginn

56. frh.:

Efnahagsreikningur, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í alþjóðlega reikningsskilastaðla

	IS-GAAP	Mats- breyting	Breyting á framsetn.	IFRS	
Fyrri reikningsskilaaðferðir 31.12.06.					Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar 1.1.07.
Sjóður	103.423		471.054	574.477	Sjóður og óbundnar innistæður
Kröfur á lánastofnanir	780.643	(780.643)	0	Kröfur á lánastofnanir
Útlán til viðskiptamanna	26.894.033	(189.896)	34.894	26.739.031	Útlán til viðskiptavina
Fullnustueignir	205.057	(205.057)	0	
Markaðsverðbréf	647.335	(647.335)	0	
Hlutabréf	2.524.529	(2.524.529)	0	
			7.664	7.664	Veltufjáreignir
		2.245.704	4.273.470	6.519.174	Fjáreignir tilgreindar á gangvirði
		234.561	114.497	349.058	Afleiður gerðar í áhættuvarnarskyni
Hlutir í hlutdeildarfélagum	1.547.675	6.089	(1.317.466)	236.298	Hlutdeildarfélag
Viðskiptavild	107.073	(16.302)	132.243	223.014	Viðskiptavild
			145.578	145.578	Óefnislegar eignir
Rekstrarfjármunir	715.437	(449.285)	266.152	Rekstrarfjármunir
			448.156	448.156	Fjárfestingareignir
			205.057	205.057	Fullnustueignir
Ýmsar eignir	71.495	(3.372)	178.798	246.921	Aðrar eignir
Áfallnar tekjur	153.191	(153.191)	0	
Eignir samtals	33.749.891	2.276.784	151.742	36.178.417	Eignir samtals
Skuldir við lánastofnanir	2.849.778		13.435	2.863.213	Innlán frá fjármálafyrirtækjum
Óbundin innlán	7.526.192	(7.526.192)	0	
Bundin innlán	6.916.734	(6.916.734)	0	
			14.442.926	14.442.926	Almenn innlán
		8.662	15	8.677	Veltufjárskuldir
		242.375	49.780	292.155	Afleiður gerðar í áhættuvarnarskyni
Lántaka	10.430.860	(13.435)	10.417.425	Lántökur
Ýmsar skuldir	237.490		131.245	368.735	Aðrar skuldir
Áfallin gjöld	77.388	(77.388)	0	
Lífeyrisskuldbinding	469.204	48.462	0	517.666	Lífeyrisskuldbinding
Tekjuskattskuldbinding	472.994	355.911	1.293	830.198	Tekjuskattskuldbinding
Víkjandi lán	1.225.501		0	1.225.501	Víkjandi lán
Eigið fé	3.543.750	(3.543.750)	0	
	0		4.471	4.471	Stofnfé
	0	1.621.374	3.539.279	5.160.653	Varasjóður
	0		46.797	46.797	Hlutdeild minnihluta
Skuldir og eigið fé samtals	33.749.891	2.276.784	151.742	36.178.417	Skuldir og eigið fé samtals